

Tilkynning um stjórnslukæru 151/2018 - fyrirspurn, upplýsingar um verktaka

Til : Guðjón Erling Friðriksson
Frá : Ólöf Harðardóttir <olof@uua.is>
CC : Garðabær
Heiti : Tilkynning um stjórnslukæru 151/2018 - fyrirspurn, upplýsingar um verktaka
Málsnúmer : 1812263
Málsaðili : Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin
Skráð dags : 28.12.2018 11:05:03
Höfundur : Ólöf Harðardóttir <olof@uua.is>

Viðhengi [IMG_1541.jpg.jpg](#)[IMG_1541.jpg.jpg](#)

[181224 Kæra vegna byggingarleyfis girðingar](#)

[FINAL.pdf.pdf](#)[181224 Kæra vegna byggingarleyfis girðingar](#)
[FINAL.pdf.pdf](#)

[Tölvupóstsamskipti BSS og AGG.pdf.pdf](#)
[Tölvupóstsamskipti BSS og AGG.pdf.pdf](#)

[Byggingarleyfi-grindverk.jpg.jpg](#)[Byggingarleyfi-](#)
[grindverk.jpg.jpg](#)

Góðan dag

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru ásamt fylgiskjölum, móttekin. 24. desember sl. þar sem kærð er útgáfa byggingarfulltrúa Garðabæjar frá 30. ágúst 2018 á byggingarleyfi fyrir grindverk í kringum boltaflöt í Garðabæ. Jafnframt er gerð krafa um frest á réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæran er til meðferðar hjá nefndinni.

Vegna framkominnar kröfu um frestun réttaráhrifa er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 10. janúar 2019 og er stjórnvaldi gefið kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar að öðru leyti er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Jafnframt óskast upplýsingar um hver verktakinn er svo hægt verði að tilkynna honum um framkomna kæru. Athugið að ef upplýsingar liggja fyrir um netfang viðkomandi þá óskast það líka.

Óskast staðfest um móttöku.

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 561 5111
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing